

112. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 6.oktober 2020

Fundargerð

Fundurinn fór fram á Teams og hófst hann kl. 14:30

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Einar Már Sigurðarson, Gunnar Jónsson, Gauti Jóhannesson Hildur Þórisdóttir, Sigríður Bragadóttir, Stefán Bogi Sveinsson, Sæunn Stefánsdóttir, Pálína Margeirsdóttir og Práinn Lárusson.

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Fundargerð

1. **Fundargerð 111. fundar stjórnar.** Fundargerðin var lögð fram til staðfestingar og verður undirrituð rafrænt.
2. **Viðurkenning Menntamálastofnunar.** Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar bréf frá Menntamálastofnun þar sem Austurbrú hlýtur viðurkenningu sem framhaldsfræðsluaðili til næstu þriggja ára.
3. **Staða ýmissa mála**
 - **ANR-nýsköpunarmál.** Framkvæmdastjóri sagði frá fundi sínum með hinum landshlutasamtökunum. Verið er að gera drög að frumvarpi um nýsköpunarmál í ljósi lokunar Nýsköpunarmiðstöðvar og verður sameiginleg umsögn frá landshlutasamtökunum varðandi þau sett inn á samráðsgáttina.

Stjórn bókar eftirfarandi:

Á vegum Nýsköpunarráðherra stendur nú yfir vinna við endurmótun umhverfis nýsköpunar á Íslandi á grundvelli nýsköpunarstefnu sem kynnt var í október 2019. Í þeirri vinnu felst m.a. að Nýsköpunarmiðstöð Íslands verður lögð niður og er nú komið fram frumvarp ráðherra nýsköpunarmála um opinberan stuðning við nýsköpun. Stjórn Austurbrúar tekur undir með ráðherra í inngangi að Nýsköpunarstefnu fyrir Ísland að nýsköpun sé bæði grundvöllur efnahagslegrar velgengni um allt land og lykillinn að úrlausn margra af stærstu viðfangsefnum komandi áratuga. Stjórn Austurbrúar hvetur ráðherra til þess að þeir skýru og einföldu farvegir sem mótaðir hafa verið í formi sóknaráætlana og sú yfirsýn yfir verkefni og tengsl við háskólasamfélag, atvinnulíf, sveitarfélög og hagaðila verði

nýttir til að efla nýsköpun á Austurlandi. Mikilvægt er að sá hluti af starfsemi NMÍ sem falist hefur í stuðningi við frumkvöðla og sprotafyrirtæki verði færður ásamt fjármagni til svæðisbundinna þróunareininga eins og Austurbrúar.

- **Byggðastofnun.** Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar bókun frá stjórn Byggðastofnunar er tengist nýsköpunarmálum.
 - **Ferðamálastofa.** Framkvæmdastjóri kynnti samantekt sem gerð var innan Austurbrúar í tengslum við áfangastaðastofur og umræðu sem er framundan um samninga við Ferðamálastofu.
 - **Íslandsstofa.** Framkvæmdastjóri sagði frá samtali sínu við Íslandsstofu sem hefur áhuga á að tengjast betur við atvinnuþróunarfélögin og eiga í áframhaldandi samstarfi við landshlutann.
 - **Símenntunar- háskóla og þekkingarsetur.** Framkvæmdastjóri sagði frá framgangi við gerð nýs samnings við menntamálaráðuneytið. Unnið hefur verið að því undanfarið að taka saman ýmis gögn fyrir ráðuneytið sem undanfara fyrir samningagerð en núverandi samningur hefur verið framlengdur til árs í senn frá 2016.
 - **Þekkingarsetrin.** Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar minnisblað til Menntamálaráðuneytisins frá stjórn Kvasis.
4. **Aflamark úthlutað á Austurlandi 2020/2021.** Framkvæmdastjóri lagði fram til upplýsinga samantekt frá Fiskistofu. Rætt um mikilvægi þess að taka saman svona tölur og miðla áfram.
5. **Þróun atvinnuleysis.** Framkvæmdastjóri fór yfir tölur frá Vinnumálastofnun. Atvinnuleysi er að aukast og einstaklingum í úrræðum fjölgar. Atvinnuleysi er þó enn minna á Austurlandi en í öðrum landshlutum.
6. **Önnur mál**
- **Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Breiðdalsvík.**
Sæunn kynnti opnun Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Breiðdalsvík. Auglýst hafa verið tvö störf.

Stjórn Austurbrúar fagnar því að nýtt Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Breiðdalsvík sé í undirbúningi og að störf forstöðumanns og verkefnistjóra við setrið séu nú í auglýsingu. Stjórnin óskar nýju starfsfólki alls hins besta um leið og hún fagnar uppbyggingu rannsókn- og þekkingarstarfsemi í fjórðungnum. Þá hvetur stjórnin til þess að fjárveitingar til Rannsóknaseturs HÍ á Austurlandi

hækki þannig að tveir fastir starfsmenn verði einnig ráðnir á Egilsstöðum við rannsóknir.

- **Fjárlögin.** Framkvæmdastjóri fór yfir upplýsingar um fjárveitingar í mismunandi málaflokka er fram kom í fyrstu umræðu fjárlaga.

Ekki fleiri mál á dagskrá. Fundi slitið kl 14:30.

Einar Már Sigurðarson

Gunnar Jónsson

Gauti Jóhannesson

Hildur Þórisdóttir

Pálína Margeirsdóttir

Sigríður Bragadóttir

Stefán Bogi Sveinsson

Sæunn Stefánsdóttir

Þráinn Lárusson